



**Upplýsingar fyrir yngri flokka  
2013-2014**

### **Samskipti við KKÍ:**

Hvert félag þarf að tryggja að aðeins einn aðili sé í sambandi við skrifstofu KKÍ vegna yngri flokka. Þessi aðili þarf að hafa yfirsýn yfir æfingartöflu og þarfir félagsins. Opnunartími skrifstofu er 09:00-16:00 alla virka daga. Netfang er [kki@kki.is](mailto:kki@kki.is) og sími 514-4100. Vefslóð inná mótahaldið er á forsiðu [kki.is](http://kki.is) eða [www.kki.is/motahald.asp](http://www.kki.is/motahald.asp).

### **Félagatal á kki.is**

Félög eiga að uppfæra félagatal sitt á [kki.is](http://kki.is). Það er gríðarlega mikilvægt fyrir alla sem starfa í hreyfingunni og fyrir félög að aðgengi að upplýsingum sé sem best. Félagatalið er mikið notað í öllu starfi, hvort sem er af skrifstofu KKÍ eða milli félaga til dæmis í kringum mótahald yngri flokka og gott er fyrir félög að geta fundið upplýsingar um þjálfara, símanúmer og netföng hjá hvort öðru. Félagatalið er uppfært á [www.kki.is/felagatal.asp](http://www.kki.is/felagatal.asp) og fást aðgangsupplýsingar á skrifstofu KKÍ ef þær vantar. Mjög einfalt er að breyta og bæta við upplýsingum.

### **Framkvæmd yngri flokka leikja:**

Ábyrgðaraðili móts: Það félag sem heldur fjölldamót þarf að tryggja að einn fullorðinn einstaklingur sé ábyrgðaraðili að framkvæmd mótsins og öllu sem að því snýr. Félag þarf að senda inn til skrifstofu KKÍ á þriðjudegi fyrir mót hvaða aðili þetta er. Mótshaldarar hverju sinni sjá um að:

- Tryggja að hæfir og traustir einstaklingar sinni störfum á ritaraborði í leikjum.
- Tryggja að hæfir og traustir einstaklingar sinni störfum dómara í leikjum.
- Að skila inn úrslitum í gegnum úrslitavef KKÍ (BasketHotel) um leið og móti og eða leik er lokið.
- Tryggja að nægar leikskýrslur séu til staðar, en þær er hægt að nálgast á skrifstofu KKÍ, og senda þær til KKÍ um leið og mót og eða leikur er búinn. Hægt er að fá sérmerkt umslög félögunum að kostnaðarlausu á skrifstofu KKÍ sem má setja ófrímerkt í póst.
- Gestalið sem óska eftir því að gista á leikstað þurfa að hafa samband tímanlega við forráðamenn þess félags sem sér um fjölldamótið.
- Félög sjá til þess að umgjörð leikja sé í öllu eftir þeim reglum sem KKÍ setur fyrir hverju sinni.

### **Frestanir:**

Frestanir leikja vegna veðurs eru teknar á ferðadegi. Fjölldamótum er ekki frestað með margra daga fyrirvara sé það vegna veðurs.

Eftir að keppnistímabilið er hafið þarf að óska þess með minnst viku fyrirvara til að færa leik.

### **Þáttökutilkynningar:**

· Félög skulu tilkynna þáttöku í Íslandsmót í deildarkeppni 25. maí til 1. júní. Skráning flokka í fjölldamótum og allra yngri flokka í bikarkeppni 10.-17. september ár hvert. Skráning í Minnibolta fer fram 25.-30. september.